

64. kirkjuþing 2022-2023

Tillögur forsætisnefndar vegna kosninga á kirkjuþingi í launanefnd Þjóðkirkjunnar, stjórn Skálholts og Strandarkirkjunefnd. Kjörtímabil er frá 1. júlí 2023 til fjögurra ára.

Tillögurnar eru á bls. 2 í skjali þessu.

1. Launanefnd.

Hlutverk launanefndarinnar er að:

1. gæta hagsmuna sóknarnefnda gagnvart samtökum þeirra launþega sem þau ráða til starfa, sérstaklega að því er varðar kaup og kjör.
2. koma fram sem samningsaðili fyrir hönd sóknarnefnda, fyrirtækja, stofnana og hagsmunasamtaka kirkjunnar eftir því sem þessir aðilar gefa nefndinni umboð til eða leiðir af lögum og starfsreglum.
3. vinna að því að samræma afstöðu sóknarnefnda til kjarasamninga og að móta stefnu í kjaramálum.
4. vinna að því að leysa með samningum ágreiningsmál er varða kaup og kjör milli sóknarnefndanna og viðsemjenda þeirra.

Núverandi launanefnd er skipuð sem hér segir:

Aðalmenn (3):	Varamenn (2):
Egill Heiðar Gíslason, Laugarnessókn	Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Grafarvogssókn
Gunnar Þór Ásgeirsson, endurskoðandi	Guðmundur Einarsson, Seltjarnarnessókn
Ragnhildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, formaður	

2. Stjórn Skálholts.

Úr fundargerð kirkjuráðs 10. og 11. janúar 2006 þegar stjórnin var sett á laggirnar: „Stjórnin mun hafa yfirumsjón með starfsemi sem fram fer á vegum staðar og skóla, framkvæmdasýslu og gerð árlegra starfs- og fjárhagsáætlana og eftirfylgd með þeim.“

Þingsályktun kirkjuþings frá 2014 (17. mál): „Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboð biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskup uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.“

Stjórn hefur verið skipuð á grundvelli framangreindrar þingsályktunar á fjögurra ára fresti og rennur umboð núverandi stjórnar út 30. júní 2023.

Núverandi stjórn Skálholts er skipuð sem hér segir:

Aðalmenn (3):	Varamenn (3):
Drífa Hjartardóttir, Odda- og Keldnasókn, formaður	Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi
Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, Hrunaprestakall	Olga Eleonora M. Egonsdóttir, framkvstjóri fjármála
Sólborg L. Steinþórsdóttir, hóteltjóri	Þórarinn Þorfinnsson, bóndi, Spóastöðum

3. Strandarkirkjunefnd.

Úr erindisbréfi sem kirkjuráð samþykkti 22. maí 2002: „Hlutverk Strandarkirkjunefndar er að annast daglega stjórn Strandarkirkju og réttinda sem henni tilheyrir og annast um þau verkefni sem hér eru nánar tilgreind. Nefndin hefur daglegt fyrirsvar vegna kirkjunnar. Nefndin skal sjá til þess að kirkjan sé jafnan í góðu ásigkomulagi og í traustri umsjón, allra réttinda hennar sé vel gætt og þau hagnýtt með eðlilegum og hagkvæmum hætti, kirkjunni til hagsbóta. Kirkjan skal jafnan vera tiltæk til helgihalds fyrir Strandarkirkjusókn í nánara samræði við sóknarnefnd og sóknarprest. Nefndin skal jafnan sjá til þess að land tilheyrandi kirkjunni verði nýtt í hennar þágu og þjóðkirkjunnar og að öðru leyti til almannaheilla. Fjárstjórn vegna eigna kirkjunnar og áheita sé glögg og skýr og í samræmi við ákvarðanir sem Kirkjuráð kann að taka þar um. Strandarkirkjunefnd skal sjá til þess að kirkjan sé almenningi til sýnis á sumrin og eftir nánara samkomulagi á öðrum árstímum. Strandarkirkjunefnd ræður það starfsfólk sem nauðsyn er talin á og setur því erindisbréf. Strandarkirkjunefnd veitir að ósk Kirkjuráðs umsögn um erindi.“ Í erindisbréfinu er fjallað um fleiri atriði t.d. fjárstjórn.

64. kirkjuþing 2022-2023

Núverandi Strandarkirkjunefnd er skipuð sem hér segir:

Aðalmenn (3):	Varamenn (3):
Sr. Baldur Benedikt Kristjánsson, fyrrv. sóknarprestur	Guðmundur S. Brynjólfsson, djákni
Sr. Gunnar Jóhannesson, prestur Árborgarprestakalli	Margrét Jónsdóttir, Gaulverjabæjarsókn
Ragnildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, formaður	Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fyrrv. fjármálastjóri

**Tillögur forsætisnefndar að nefndum sem kirkjuþing kys fyrir tímabilið
1. júlí 2023 – 30. júní 2027.**

1. Launanefnd.

Aðalmenn (3):	Varamenn (2):
Egill Heiðar Gíslason, Laugarnessókn	Anna Guðrún Sigurvinsdóttir (Grafarvogssókn)
Gunnar Þór Ásgeirsson, endurskoðandi	Davíð Stefánsson (Nessókn)
Ragnildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, formaður	

2. Stjórn Skálholts.

Aðalmenn (3):	Varamenn (3):
Sr. Óskar H. Óskarsson, varaform. Hrunaprestakall	Ásborg Ósk Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi
Sólborg L. Steinþórsdóttir, hóteltjóri	Olga E. M. Egonsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála
Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi ráðherra, formaður	Þórarinn Þorfinnsson, bóndi, Spóastöðum

3. Strandarkirkjunefnd.

Aðalmenn (3):	Varamenn (3):
Sr. Jón Ragnarsson,	Eiríkur Guðlaugsson, lögfræðingur
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir, Þorlákshafnarprestakall	Guðmundur S. Brynjólfsson, djákni
Ragnildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, formaður	Margrét Jónsdóttir, Gaulverjabæjarsókn